

Friðarsöngur

Á sérhverjum degi með friði ég fer
og finn hvernig veröldin brosir við mér.
Þá finn ég að veröldin brosir við mér.

Með vinum og fjölskyldu finn ég það best
ef friðurinn ríkir þá heppnast mér flest.
Er friðurinn ríkir þá heppnast mér flest.

Því iðkum við sanngirni og sýnum að við
í samhljómi lifum og ræktum hér frið.
Í sannleika elskum og ræktum hér frið.

(texti: Helga Ágústsdóttir. Lag: „Ef væri ég söngvari“)

